

Miðvikudaginn 16. júní 1937.

Nr. 29/1937. **Fiskiræktarfélagið „Tilraun“**

(Eggert Claessen)

gegn

**Fiskiræktar- og veiðifélagi Laxár í
Borgarfjarðarsýslu og gagnsök.**

(Lárus Jóhannesson)

Dómur undirréttarins ómerktur og málinu frá-
vísað héraðsdómi vegna vantandi málsútlitunar.

*Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. jan.
1937: Stefndur á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli
þessu. Málskostnaður fellur niður.*

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til
hæstaréttar með stefnu 20. marz þ. á., hefir krafizt þess,
að með dómi verið ákveðið, að „Eiðisvatn og
Urriðaá skuli ekki teljast tilheyra sama fiskihverfi
sem Laxá í Leirársveit, heldur skoðast sem sérstakt,
sjálfstætt fiskihverfi“. Svo krefst aðaláfrýjandi og
málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti
eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæsta-
réttar með stefnu 15. apríl þ. á., hefir krafizt þess
aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en *til
vara*, að ákvæði héraðsdómsins um sakarefnið verði
staðfest. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í
héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir málflutningnum í héraði virðist ágreining-
urinn hafa verið um það, hvort aðaláfrýjanda væri
rétt að láta félagssvæði sitt ná yfir leirur þær, er
Laxá og Urriðaá renna um í sjó út, og ós Urriða-

ár. En fyrir hæstarétti hefir aðaláfrýjandi skýrt svo frammannefnda kröfu sína, að tilætlun sín sé og hafi verið í héraði sú ein að fá dómsviðurkenningu um það, að honum væri rétt að stofna félag með því markmiði, að stunda silungsveiði í Urriðaá, sem nú er ekki laxgeng, frá upptökum hennar og til sonefnds Króarvaðs, þar sem hann telur sjó efst ganga upp í hana í stórstraumsflóði, og í Eiðisvatni, að gera mannvirki, er gera kynnu á þessa laxgenga, koma á laxaklaki og stunda síðan laxveiði á þessu svæði. Kunnáttumenn þeir, er kvaddir voru til álita um ágreining aðilja í héraði, hafa ekki látið í té álit sitt um það, hvort stofnun slíks félagsskapar, sem nú var lýst, færi í bága við rétt gagnáfrýjanda. Með því að gagnáfrýjandi hefir mótmælt kröfu aðaláfrýjanda, þykir varhugavert að leggja dóm á hana, eins og málið horfir nú við, án þess að fyrir liggi álit kunnáttumanna, og þykir því ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera :

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útgefinni 12. sept. f. á., hefir stjórn fiskiræktarfélagsins „Tilraun“, þeir Guðmundur Björnsson, Litla-Lambhaga, Gísli Gíslason, Lambhaga og Jón Símonarson á Stóru-Fellsöxl höfðað mál þetta gegn Fiskiræktar- og veiðifélagi Laxár í Borgarfjarðarsýslu, en stjórn þess skipa Sigurður Sigurðsson í Stóra-Lambhaga, formaður, Árni Böðvarsson í Ási á Akranesi, Gísli Gíslason, Lamb-

haga, Arnfinnur Björnsson, Vestra-Miðfelli, og Árni Helgason í Tungu.

Tildrög máls þessa eru þessi: Hinn 12. marz 1934 var stofnað Fiskiræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu, og var í samþykktum þess ákveðið, að heimili og varnarþing þess skuli vera í Stóra-Lambhaga í Skilmannahreppi, að félagið hafi umráð yfir öllum rétti til laxveiða í Laxá frá Eyrarfossi að ytri landamærum Arkarlækjar og Skipaness ásamt öllum leirum innan takmarka þeirra jarða, sem land eiga að Laxá á veiðisvæðinu, og að félagsmenn séu allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndu veiðivatni, eða þeir, er öðlast veiðirétt fyrir landi sérstakra jarða og félagsfundur samþykkir.

Eftir að félag þetta var stofnað, fór brátt að bera á óánægju hjá þeim jarðeigendum, er lönd eiga að Eiðisvatni og Urriðaá og aðliggjandi leirum, er töldu sig ekki skylda að hlíta ákvæðum þessara samþykktu, af því að þeir töldu, að fiskihverfi Laxár gæti ekki lögum samkvæmt náð yfir hið siðartalda svæði, og stofnuðu því 21. júlí 1935 fiskiræktarfélagið „Tilraun“, og var í samþykktum þess félagssvæðið ákveðið þannig, að veiðisvæðið næði yfir allt Eiðisvatn og Urriðaá ásamt leirum þeim, er henni fylgja.

Leitaði félag þetta staðfestingar ráðuneytisins á samþykktum sínum, en ráðuneytið hefir, eftir að hafa fengið umsögn veiðimálanefndar um málið, tvívegis synjað um staðfestingu af þeirri ástæðu, að félagssvæði hins fyrirhugaða félags muni bæði landfræðilega og samkvæmt ákvæðum laxveiðilaganna tilheyra veiðisvæði Laxár í Leirársveit.

Þessum úrskurði ráðuneytisins hefir stefnandi þessa máls ekki viljað una og því leitað til dómstólanna til að fá endanlegan úrskurð um deiluatríði þetta, og er samkvæmt stefnunni varakrafa hans, sem nú er orðin aðalkrafa, að Eiðisvatn og Urriðaá skuli ekki teljast tilheyra sama fiskihverfi sem Laxá í Leirársveit, heldur skoðast sem sérstakt, sjálfstætt fiskihverfi. Svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndur hefir aftur á móti krafizt þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Til stuðnings kröfu sinni um, að Urriðaa verði ekki talin til sama fiskihverfis og Laxá, heldur stefnandi því fram, að Laxá verði ekki talin ná nær sjó en að stórstraumsflæðarmáli, því þaðan og niður að stórstraumsfjöruborði sé ós í sjó og þar sem í honum sé salt vatn, geti hann ekki talizt til árinna, og renni því Urriðaa ekki í Laxá.

Við þetta er það að athuga, að þar sem straumar falla til sjávar, er á svæði því, sem laxveiðilögin kalla ós í sjó, ýmist ósalt vatn eða sævi blandið, og verður því ekki af þessu ráðið, hvort telja beri ósinn til árinna eða ekki, en nefnd lög taka af allan vafa í þessu máli, því þar stendur, að ós í sjó sé „það svæði í á“ o. s. frv. Laxá verður því að teljast ná jafnlangt niður til sjávar sem ós í sjó. Málsaðiljar hafa ekki komið sér saman um, hvar stórstraumsfjöruborðið sé, þar sem stefnandi telur það vera við Akkerisstein, en stefndur nokkru nær sjó, en þetta skiptir ekki máli hér, því Urriðaa kemur í Laxá fyrir ofan Akkerisstein og verður því að skoðast sem þverá hennar.

Skilyrði fyrir því, að um sama fiskihverfi sé að ræða, er það, að sami fiskstofn byggji svæðið og fari um það. Nú er það bert, að um hrygningarsvæði er alls ekki að ræða í Urriðaa, þar sem lax fer þar aðeins upp undir stórstraumsflæðarmál, og virðist því, að fiskur sá, er þar er á sveimi um hásjávað, hljóti að tilheyra göngufiski í Laxá.

Þá má og geta þess, að öll þau vötn, er koma saman í Leirárvogum, renna í einum ósi til sjávar milli Súlueyrar og Hvítaness, og þar um verður allur fiskur að fara, sem inn leitar.

Samkvæmt framansögðu verður að fallast á þá skoðun, að hér sé bæði landfræðilega séð og samkvæmt laxveiðilögunum aðeins um eitt fiskihverfi að ræða, fiskihverfi Laxár, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Þó virðist málskostnaður eftir atvikum að mega falla niður.